

Reykjavík 10. janúar 2020

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis  
101 Reykjavík

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020–2024, 434. mál og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020 – 2034, 435. mál**

Umhverfis- og samgöngunefnd óskaði eftir umsögnum um ofangreind mál í desember 2019. Reykjavíkurborg vísar til meðfylgjandi umsagnar um drög að samgönguáætlun sem send var Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þann 31. október 2019.

Ljóst er að brugðist hefur verið við mörgum þeirra ábendinga sem settar voru fram í umsögnum Reykjavíkurborgar og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) á þeim tímapunkti s.s. er varða að markmið samgöngusáttmálans sem nú eru hluti af markmiðum stefnumarkandi samgönguáætlunar til fimmtán ára. Reykjavíkurborg vísar til frekari ábendinga sem koma fram í umsögn SSH til umhverfis- og samgöngunefndar dags. 10. janúar 2020.

Reykjavíkurborg vill minna á að þann 28. nóvember 2019 undirrituðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og borgarstjóri Reykjavíkur samkomulag sem felur í sér að hrinda í framkvæmd verkefnum og nauðsynlegum rannsóknum vegna flugvallar í Hvassahrauni í samræmi við tillögur í skýrslu stýrihóps um framtíðarskipan flugvallarmála á suðvesturhorni landsins. Samkomulagið felur í sér að ríki og borg hefji samstarf um rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni með það að markmiði að fullkanna kosti á því að reisa og reka þar flugvöll til að gegna hlutverki varaflugvallar, innanlandsflugvallar og flugvallar fyrir æfinga-, kennslu- og einkaflug.

Í samkomulaginu kemur m.a. fram að aðilar eru sammála um að stefnt skuli að því að flytja núverandi flugstarfsemi af Reykjavíkurlflugvelli yfir á nýjan flugvöll í Hvassahrauni, reynist það vera vænlegur kostur og fyrir liggja niðurstaða um fjármögnun hans. Aðilar eru sammála um að tryggt verði rekstraröryggi á Reykjavíkurlflugvelli á meðan undirbúningi og gerð nýs flugvallar stendur, þar með talið eðlilegt viðhald og endurnýjun mannvirkja í samræmi við ákvæði gildandi samgönguáætlunar Alþingis.

Í 3. grein samkomulagsins kemur fram að aðilar munu hvor um sig leggja 100 m.kr. til fjármögnunar þeirra nauðsynlegu rannsókna sem gerðar verða á næstu tveimur árum í samræmi við 2. mgr. 2. gr. samkomulagsins. Til viðbótar þessari skuldbindingu er mikilvægt að ríkið virði og hrindi í framkvæmd öðrum skuldbindingum skv. eldri samningum, sbr. ákvæði 6 gr. ofangreinds samkomulags.



Leggur Reykjavíkurborg áherslu á að í samgönguáætlun verði kveðið á um gerð nýs æfinga-, kennslu- og einkaflugvallar en samkomulag innanríkisráðherra og borgarstjóra frá 25. október 2013 kvað á um að ráðuneytið og Isavia ohf. hafi forgöngu um að kennslu- og einkaflugi verði fundinn nýr staður í nágrenni borgarinnar og að framkvæmdir verði hafnar eins fljótt og verða má.

Tryggja þarf framgang samkomulags ríkis og Reykjavíkurborgar frá 28. nóvember 2019 og fjármögnun þess og flugvallar fyrir æfinga-, kennslu og einkaflug á höfuðborgarsvæðinu í stefnumörkun og áætlunum Alþingis. Reykjavíkurborg leggur áherslu á að endanleg þingsályktun um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024 og þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 verði í samræmi við ofangreind atriði og umrætt samkomulag.

virðingarfyllst,

Þorsteinn R. Hermannsson  
Samgöngustjóri